

Starfskjarastefna

1. Almennt

Stjórn Solid Clouds hf. skal setja fyrirtækinu starfskjarastefnu í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

2. Markmið

Markmið starfskjarastefnu Solid Clouds er að launakjör félagsins séu samkeppnishæf og að það geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk og stjórnendur. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum félögum. Starfskjarastefnan hefur langtímahagsmuni félagsins að leiðarljósi, og skal stuðla að stöðugleika í rekstri og uppbyggingu þekkingar.

3. Starfskjaranefnd

Stjórn félagsins skal kjósa tvo úr stjórn til setu í starfskjaranefnd. Haft skal að leiðarljósi ef kostur er að nefndarmenn hafi reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfskjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund félagsins.

4. Starfskjör stjórnarmanna

Póknun til stjórnarmanna skal ákveðin á aðalfundi ár hvert, sbr. 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og skal þóknunin taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Á aðalfundi félagsins skal einnig kveða á um þóknun varamanna og þeirra stjórnarmanna sem sitja í undirnefndum stjórnna.

5. Starfskjör forstjóra

Stjórn ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans. Starfskjaranefnd skal endurskoða laun hans og gera tillögu til stjórnar um breytingar með tilliti til markmiða og mælikvarða Solid Clouds eftir því sem við á og með hliðsjón af 2. gr. starfskjarastefnunnar.

6. Starfskjör annars starfsfólks

Forstjóri ræður þá stjórnendur félagsins sem heyra beint undir hann í skipuriti. Hann ákvarðar laun þeirra og endurskoðar þau reglulega í samræmi við 2. gr. starfskjarastefnunnar. Framkvæmdastjórar félagsins ráða annað starfsfólk og ákvarða laun þeirra og endurskoða þau í samráði við forstjóra, í samræmi við 2. gr. starfskjarastefnunnar.

7. Starfslok

Ekki skal gera samninga við stjórnendur, sem fela í sér starfslokagreiðslur umfram skyldur samkvæmt lögum eða kjarasamningum, nema með samþykki stjórnar.

8. Upplýsingagjöf

Starfskjarastefnan skal vera aðgengileg á vefsetri Solid Clouds. Gera skal árlega grein fyrir þóknun stjórnar, forstjóra og æðstu stjórnenda í ársreikningi. Upplýsa skal um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu, fjárhæð kaupauka og kaupréttar, annars konar greiðslur sem tengjast hlutum í félaginu, starfslokagreiðslur ef einhverjar eru, auk heildarfjárhæðar annarra greiðslna.

9. Samþykki starfskjarastefnu

Starfskjarastefna Solid Clouds er samþykkt af stjórn sem leggur hana fyrir aðalfund félagsins. Starfskjaranefnd skal endurskoða starfskjarastefnu fyrirtækisins árlega og hefur eftirlit með að henni sé framfylgt.